

## Fundargerð stjórnar Strætó BS

Föstudaginn 5. maí 2015 var haldinn 218. fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir sem yfirgaf fundinn 12:30 og Gunnar Valur Gíslason. Fjarverandi: Einar Birkir Einarsson. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Appið næstu skref
2. Skipurit Strætó
3. Akstursútboð
4. Árshlutauppgjör, 3ja mánaða
5. Flutningur niður í Mjódd

### Tekið fyrir:

1. Appið næstu skref  
Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingatækni, kynnti tillögu að því að færa mánaðarkort inn í áskriftarleiðir og fór yfir næstu skref í þróun á nýjum rafrænum greiðslumöguleikum í Appinu. Lögð er áhersla á að nýtt fyrirkomulag sé einfalt, að það hvetji viðskiptavinum til að vera í reglulegum viðskiptum við Strætó og fjölgi nýjum viðskiptavinum. Einnig er lögð áhersla á að verðlagning á rafrænum áskriftarleiðum haldist í hendur við núverandi gjaldskrá. Stjórn samþykkir tillöguna og að yfirmaður upplýsingatækni haldi áfram að þróa Appið í samræmi við framangreint og umræður á fundinum.
2. Skipurit  
Umfjöllun um tillögu að nýju skipuriti Strætó sem er hluti af stefnumótunarvinnu byggðasamlagsins. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að nýju skipuriti sem byggir að mestu á þeirri kynningu sem fram fór á stjórnarfundi 27. febrúar sl. Meginmarkmið skipulagsins er að einfalda, skýra og auka virkni í skipulagi Strætó, færa ábyrgð til millistjórnenda og veita þeim umboð til athafna í samræmi við áætlanir og framtíðarsýn Strætó. Stjórn samþykkir nýtt skipurit Strætó.
3. Akstursútboð  
Eyþóra Geirsdóttir, lögmaður frá Reykjavíkurborg, Hafliði Jónsson frá VSÓ-Ráðgjöf ehf. og Einar Kristjánsson, sviðsstjóri Skipulagssviðs Strætó, fóru yfir endanleg útboðsgögn vegna fyrirhugaðs útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirliggjandi útboðsgögn byggja á þeim meginforsendum sem samþykktar voru á fundi stjórnar 17. apríl 2015 og staðfest á eigendafundi Strætó 17. apríl 2015. Stjórn samþykkir útboðsgögnin í samræmi við umræður á fundinum.
4. Árshlutauppgjör 31. mars 2015  
Fjármálastjóri lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins 31. mars 2015 ásamt rekstrarspá til ársloka 2015. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjórið með undirritun sinni. Framkvæmdastjóra er falið yfirfara fjárhagsáætlun 2015 með hliðsjón af árshlutauppgjörinu og leggja fyrir stjórn.
5. Flutningur í Mjódd  
Endurbætur á húsnæði félagsins í Mjódd er á lokastigi. Gert er ráð fyrir að starfsmenn farþegaþjónustusviðs, skipulagssviðs, fjármálasviðs og yfirstjórnar flytji þangað á næstu vikum. Eftir sem áður verður starfsemi rekstrarsviðs á Hesthálsi.

Fylgiskjöl:

Strætó 050515 minnisblað vegna skipulagsbreytinga  
Strætó BS árshlutauppgjör 310315  
Kynning á árshlutauppgjör 080515

Fleira var ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 13:10**

Bryndís Haraldsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason